

130. löggjafarþing 2003-2004.
Þskj. 823 – 545. mál.

**Svar heilbrigðisráðherra
við fyrirspurn um málefni heilabilaðra.
Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.**

1. *Hvað hafa margir heilabilaðir einstaklingar verið á biðlista eftir viðeigandi dvalarrými, skipt eftir árum frá árinu 2000?*

Svar: Ekki er haldinn sérstakur biðlisti fyrir heilabilaða einstaklinga og fjöldi þeirra er ekki aðgreindur frá öðrum í vistunarskrá. Heilabilun getur hvort sem er verið aðalástæða umsóknar eða meðvirkandi ástæða en vistunarmatið er ekki þannig byggt upp að hægt sé að fá glögga mynd af því hvort er. Fjöldi þeirra sem biða eftir hjúkrunarvist og eru samkvæmt matsaðila í mjög brýnni þörf eru samkvæmt vistunarskrá frá í janúarlök 2004 alls 465 á landinu öllu.

2. *Hefur verið gripið til sérstakra ráðstafana til að stytta biðlistana? Ef svo er, til hvaða ráðstafana?*

Svar: Áhrifamesta úrræðið til að *seinka* umsókn um hjúkrunarvist eru sérstakar dagvistir fyrir heilabilaða. Bið eftir dagvistarúrræði hefur allt frá því fyrsta dagvistin opnaði fyrir 18 árum og fram til 2003 verið innan viðunandi marka. Árið 2000 voru reknar tvær dagvistir í Reykjavík en árið 2001 var opnuð sú þriðja sem rekin er af Félagi aðstandenda Alzheimer sjúklunga (FAAS) við Austurbrún í Reykjavík (Fríðuhús). Biðlistinn hefur lengst mjög á undanförunum tveimur árum en nú hefur verið tekin ákvörðun um fjölgun um 20 rými til viðbótar með opnun dagvistar við

hjúkrunarheimilið Eir. Einnig er í bígerð opnun dagvistar í Kópavogi síðar á þessu ári.

Árið 2001 var opnað hjúkrunarheimilið Sóltún þar sem ríflega þriðjungur heimilisins eða 32 pláss eru eingöngu fyrir heilabílaða. Á þessu ári verða opnuð alls 150 hjúkrunarrými og þótt ekkert þeirra sé sérstaklega ætlað heilabiluðum einstaklingum er auðvelt að nýta flest þeirra þannig. Herbergin í Eir (40 rými) og Hrafnistu í Reykjavík (60 rými) eru einbýli í litlum einingum sem gerir það að verkum að þau geta hvort sem er nýst fyrir heilabílaða eða aðra sem á hjúkrunarvist þurfa að halda. Það er hins vegar spurning um mönnun og það er núna úrlausnarefni rekstraraðila og ráðuneytis að komast að niðurstöðu um nánari nýtingu þessara rýma.

3. *Hvaða stuðningur stendur þeim aðstandendum til boða sem annast heilabílaða í heimahúsum?*

Svar: Dagvistir eru þrjár með alls 56 rýmum sem nýtast um 70 einstaklingum. Fjórða dagvistin tekur til starfa síðar á þessum vetri með 20 rýmum fyrir um 25 einstaklinga og væntanlega dagvist í Kópavogi síðar á árinu. Sérækt eftirlit er fyrir sjúklinga með heilabilun á Minnismóttöku Öldrunarsviðs Landspítala Háskólasjúkrahús á Landakoti. Þar koma til greiningar um 250 einstaklingar á ári. Tæpur helmingur þeirra reynist vera með heilabilun og um 30% með ástand sem mun leiða til heilabilunar. Á hverju ári eru um 400 einstaklingar í eftirliti á móttökunni. Í tengslum við móttökuna er boðið upp á stuðningshópa fyrir aðstandendur sem takmarkaður fjöldi (20-30) getur nýtt sér á ári.

3. *Hefur verið metið hver áhrif ónógt dvalarrými hefur á atvinnuþátttöku og heilsufar aðstandenda sem annast heilabílaða í heimahúsi?*

Svar: Tæplega 10% sjúklinga með heilabilun eru innan við 67 ára aldur. Aðeins 22 fengu örorkulífeyri vegna heilabilunar í ársbyrjun 2004 samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun Ríkisins. Mikill meirihluti sjúklinga með heilabilun eru því ekki lengur á vinnumarkaði og gera má ráð fyrir að hlutfall maka á vinnumarkaði sé ekki mikið frábrugðið því. FAAS gerði könnun meðal sinna félagsmanna sinna sem að nokkru leyti sýndi þessi áhrif þótt hún væri fyrst og fremst gerð til að skoða ójafnræði milli kynjanna í umönnun. Í þeirri könnun kom fram að nokkuð er um það að vinnandi aðstandendur eru frá vinnu í nokkrum mæli vegna sjúklinganna. Engin heildarúttekt hefur farið fram hér á landi á heilsufari aðstandenda sem annast um heilabílaðan einstakling í heimahúsi en til eru litlar rannsóknir sem gefa nokkra vísbendingu. Þær hafa einkum beinst að líðan aðstandenda fremur en líkamlegu heilsufari. Samkvæmt þeim er aðstandendum hættara við þunglyndi og kvíða en öðrum á svipuðum aldri.

Nú er verið að undirbúa samþættingu félags- og hjúkrunarþjónustu í heimahúsum í Reykjavík og þá mun nýtt mælitæki, sem spegla mun þjónustubörf allra eldri borgara, sem eftir þjónustu leita, gera þjónustuaðilum mögulegt að mæta þörfum skjólstaðinga af meiri nákvæmni en áður.

(Talað orð gildir)